

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 10. desember 2019
UST201901-232/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Borgarbyggðar

Þann 4. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Borgarbyggðar við Bjarnhóla. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Ein ábending var gerð í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skráningum vegna tl. 4 og 11 er varða umfang urðaða úrgangssins og uppgufun hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnunimni eigi síðar en 31. desember, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Borgarbyggð Bjarnhólar



Dags eftirlits	4.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Borgarbyggð	Eftirlitsmaður	Margrét Bragadóttir
Heimili	Borgarbraut 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106942289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrafnhildur Tryggvadóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360101,859 451983,822

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitnu er varðar skil skráninga og ein ábending var gerð er varðar uppfærslu viðbragðsáætlunar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Borgarbyggðar við Bjarnhóla og var umfang eftirlitsins eftifarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Skráningar og mælingar (gr. 4.1 og 4.2)
- Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.5 og 2.7)
- Tryggingar (gr. 2.9)
- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Á urðunarstað Borgarbyggðar við Bjarnhóla er heimilt að taka á móti að hámarki 520 tonnum af úrgangi á ári, þar af 80 tonnum af óvirkum úrgangi til urðunar, 310 tonnum af viðarúrgangi og garðaúrgangi til kurlunar og meðhöndlunar, 120 tonnum af garðaúrgangi og hrossataði til jarðgerðar og 10 tonnum af brotamálum til geymslu. Samkvæmt skráningum voru urðuð 18 tonn af óvirkum úrgangi á urðunarstaðnum árið 2018. Fram kom að enn væri talsvert mikil af ókurluðu timbri á urðunarstaðnum og enn væru þar múrbrot sem innihéldu járn. Unnið væri að kurlun timbursins og beðið eftir verktað með tæki til að brjóta múrbrotin og skilja járníð frá.

Farið var yfir skráningar og mælingar, sbr. gr. 4.1 og 4.2, rekstraraðili hefur skilað fullnægjandi skráningum fyrir tl. 1-3 og 5-10 í gr. 4.1. Skráningum vegna tl. 4 og 11 er varða breytingar á umfangi og uppgufun hefur ekki verið skilað.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp og var rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón ef leiðbeiningunum ef þörf er á.

Rekstraraðili er með tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni vettvangsheimssókna á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Enn er stór timburhaugur á staðnum sem og múrbrot sem eftir á að hreinsa járníð úr. Urðunarstaðurinn var að öðru leyti snytilegur, skipulagður og ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.1 í starfsleyfi

Skráningum vegna tl. 4 og 11 er varða umfang urðaða úrgangsins og uppgufun hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa, ef þörf er á.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.12.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

bis. 4